

Tengiliðar farsældar – skráning sem skilað er mánaðarlega til Bofs - leiðbeiningar

Barna- og fjölskyldustofu ber, samkvæmt 8. grein laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að safna upplýsingum um farsæld barna.

Upplýsingar um tengilið farsældar

Meðfylgjandi er spurningalisti til útfyllingar fyrir tengiliði um þau mál sem voru inn á þeirra borði í mánuðinum. Vinsamlegast lesið vel leiðbeiningar og gætið þess að allar upplýsingar séu réttar og nákvæmar. Athugið að við lok útfyllingar þarf að staðfesta skráninguna. Hver og einn tengiliður skal skila inn mánaðarlegri skráningu. Tengiliðum ber að skila neðangreindum upplýsingum til Barna- og fjölskyldustofu fyrir 15. hvers mánaðar, vegna mánaðarins á undan.

Hvernig upplýsingum er verið að safna?

- Ópersónugreinanlegum gögnum
- Erum ekki að spyrja út í einstaka mál heldur vinnu tengiliða farsældar
 - Þess vegna: ekki spurt um hvar barnið býr/er með lögheimili
 - Ekki spurningar sem varða einstaka mál
 - Ekki útilokað að það gerist seinna en í bili er bara verið að spyrja út frá tengiliðunum sjálfum
- Athugið að þar sem beðið er um fjölda í tölustöfum **að gefa aðeins upp eitt tölugildi**, ekki tölubil (til dæmis 1-5)
- Skila þarf skráningu mánaðarlega, einnig í þeim mánuðum þar sem engin mál bárust/fóru í samþætta þjónustu

Hvað er spurt um?

- Vinnustað tengiliðar
- Tímabil skráningar
- Staðsetningu tengiliðar (sveitarfélag)
- Fjöldi mála í mánuðinum þar sem óskað var eftir aðkomu tengiliðar
- Fjöldi mála sem fóru í samþætta þjónustu
- Fjöldi mála sem tengiliður vísaði til málstjóra
- Hvernig tengiliður metur vinnuálag í mánuðinum

Spurning 1: Tengiliður

Hér skal skrá hvar tengiliður farsældar vinnur.

- Heilsugæsla
- Leikskóli
- Grunnskóli
- Framhaldsskóli
- Félagsþjónusta

Spurning 2: Ár

Hér skal fylla inn ár með tölustöfum

Spurning 3: Mánuður

Hér skal merkja við þann mánuð sem skráningin á við

Spurning 4: Sveitarfélag þar sem tengiliður er staðsettur.

Athugið að ekki er verið að spyrja um sveitarfélagið þar sem barn/foreldri er búsett/á lögheimili. Dæmi: Tengiliður í framhaldsskóla í sveitarfélagi A, á sjálfur lögheimili í sveitarfélagi B. Barnið/börnin sem óska eftir þjónustu tengiliðar farsældar eiga lögheimili í sveitarfélagi C. Við skráningu skal velja sveitarfélag A.

Spurningar 5 – 10: Fjöldi mála í mánuði

Hér skal skrá upplýsingar um fjölda mála þar sem óskað var eftir aðkomu tengiliðar farsældar í mánuðinum (eitt barn=eitt mál). Hér skal skrá öll mál, hvort sem þau fara í samþætta þjónustu eða ekki.

Aðkoma þýðir: fjöldi beiðna um samtal við tengilið til að meta þörf fyrir samþættingu þjónustu. Hversu mörg matsviðtöl hefur þú sem tengiliður tekið í mánuðinum? Hér er skráð eftir kyni auk fjölda ófæddra barna og fjölda barna með erlendan bakgrunn.

Kyn skal skrá á eftirfarandi hátt: drengir – stúlkur – stálp (kynskráning barna sem falla ekki undir kynjatvíhyggju, skv. 6.gr laga um kynrænt sjálfræði 80/2019). Ekki skal skrá kyn ófæddra barna.

Athugið að með stálpi er ekki átt við trans einstaklinga. Trans stúlkur falla undir flokkinn stúlkur og trans drengir falla undir flokkinn drengir.

Athugið að samanlagður fjöldi drengja, stúlkna, stálpa og ófæddra barna á að stemma við heildarfjölda barna í fyrsta lið.

Barn með erlendan bakgrunn : Með erlendum bakgrunni er átt við þegar foreldri, annað eða bæði er fætt erlendis og er með annað móðurmál en íslensku. ATH: ef annað foreldrið er fætt erlendis, en báðir foreldrar þess foreldris eru íslenskir þá er ekki um að ræða erlendan bakgrunn.

Spurningar 11 – 13 Hvernig kom mál til tengiliðar farsældar.

Hér er verið að vísa til málanna sem spurt var um í spurningum 5-10. Hér er því enn verið að líta til mála þar sem óskað var eftir aðkomu tengiliðar farsældar í mánuðinum (öll mál). Hér er átt við öll mál, hvort sem þau fóru í samþætta þjónustu skv. Farsældarlögunum eða ekki.

Spurning 11: Upphaf máls (heildarfjöldi í mánuði): Foreldrar/barn leitar sjálfst
Foreldrar/barn leitar sjálfst: hér er átt við ef foreldri/barn óskar eftir viðtali við tengilið farsældar hvort sem er rafrænt eða koma sjálf til tengiliðar farsældar.

Spurning 12: Upphaf máls (heildarfjöldi í mánuði): Beiðni um miðlun upplýsinga berst frá þjónustuveitanda/málstjóra farsældar.
Með þjónustuveitanda er bæði átt við þá sem veita þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga sem og aðra sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna.
Hér er átt við hversu margar beiðnir um miðlun upplýsinga bárust tengiliði farsældar – tengiliði farsældar barst eyðublaðið beiðni um miðlun frá þjónustuveitanda. Þ.e. í hve mörgum tilvikum komu foreldrar/barn í kjölfar þess að beiðni um miðlun barst frá þjónustuveitanda.

Dæmi: Foreldrar/barn voru í viðtali hjá heimilislækni sem kynnir fyrir þeim samþætta þjónustu og að þau geti leitað til tengiliðar í skóla barnsins. Foreldrar óskuðu eftir því að heimilislæknir sendi beiðni um miðlun upplýsingar til tengiliðar í skóla barnsins (leik, grunn eða framhaldsskóla).

Spurning 13: Máli vísað til tengiliðar af aðila innan sömu stofnunar.

Hér er átt við ef t.d. heimilislæknir bendir foreldrum/barni á tengilið farsældar á heilsugæslunni eða kennari í skóla sem vísar á tengilið farsældar í sama skóla.

Spurningar 14 – 19 Samþætting nýrra mála

Hér verður þú beðin/nn/ð um upplýsingar um fjölda mála sem fóru í samþættingu þjónustu að beiðni barns/foreldra í mánuðinum. Hér er átt við fjölda mála þar sem foreldrar/barn óskuðu eftir samþættri þjónustu í kjölfar matsviðtals við tengilið farsældar og skrifuðu undir beiðni þar um. Hér skal skrá öll mál sem fóru í samþætta þjónustu í tilteknum mánuði, geta líka verið mál sem sem tengiliður hafði aðkomu að í fyrri mánuðum en fóru fyrst í samþætta þjónustu nú.

Spurning 20: Heildarfjöldi mála í samþættri þjónustu í lok mánaðar

Hér er átt við fjölda mála sem eru í vinnslu við lok mánaðarins. Hér er átt við mál sem eru í vinnslu, óháð því hvenær þau hófust. Athugið að hér er aðeins verið að spyrja tengiliði um þau mál sem eru á þeirra borði.

Spurning 21: Fjöldi mála sem vísað er til málstjóra farsældar í mánuðinum?

Hér er átt við mál sem fara til Málstjóra farsældar og tengiliður farsældar hættir allri vinnslu í málinu.

Spurning 22: Hvernig metur þú vinnuálag þitt í mánuðinum í hlutverki þínu sem tengiliður farsældar?

Hér ert þú beðin um að meta vinnuálag þitt sem tengiliður í farsæld. Vinna við að hitta börn/fjölskyldur og fara í matsviðtal hvort sem málið fer síðan í samþætta þjónustu eða ekki. Einnig við að fylgja eftir samþættri þjónustu þar sem óskað hefur verið eftir því.

Spurning 23 Aðrar upplýsingar sem eru viðeigandi eða þú vilt koma á framfæri?

Hér eru allar ábendingar vel þegnar.

- Get ég æft mig?
 - Já EF þið takið fram í spurningu 23 að um æfingu sé að ræða. Þannig er hægt að eyða svörum
- Athugasemd í lokaspurningu
 - Hér er óskað eftir athugasemdum/ábendingum frá ykkur varðandi skráninguna.
 - Nú þegar hafa borist góða ábendingar sem við höfum tekið tillit til.

Gangi ykkur vel, ef einhverjar spurningar eru varðandi skráninguna má hafa samband við Barna-og fjölskyldustofu í síma 530-2600 eða senda tölvupóst á farsaeld@bofs.is